

Samningur

samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Dalabyggðar um byggðastyrk vegna ljósleiðaravæðingar 2020-2021

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, kt. 580417-0780, í samningi þessum nefnt ráðuneytið og Dalabyggð, kt. 510694-2019, í samningi þessum nefnt sveitarfélagið, gera með sér svofelldan samning um veitingu byggðastyrks vegna ljósleiðaravæðingar á strjálbýlum svæðum:

1. Markmið

Markmið með samningnum er að veita sveitarfélaginu byggðastyrk til að það geti aukið sem styrknum nemur eigið framlag sitt við uppbyggingu ljósleiðarakerfis á strjálbýlum svæðum.

2. Framkvæmd

Veittum byggðastyrk samkvæmt samningi þessum skal varið til að undirbúa og/eða byggja ljósleiðarakerfi í sveitarfélaginu. Verkefnið felur í sér að tengja tiltekna staði við ljósleiðarakerfi á árunum 2020 og 2021, í samræmi við verkefnislýsingu. Skal verkefnið uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í verkefninu *Ísland ljóstengt* til styrkhæfra staða og tæknilegrar útfærslu kerfis.

Sveitarfélaginu er heimilt að tengja fleiri staði á tímabilinu sem og að breyta þeim stöðum sem tengdir verða svo fremi sem þeir uppfylla skilyrði *Ísland ljóstengt* um styrkhæfa staði. Slík fjölgun staða leiðir þó ekki til hærri styrks.

3. Ábyrgð

Sveitarfélagið ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum samningum við undirverktaka og verkum þeirra. Ráðuneytið ber enga ábyrgð á tjóni sem sveitarfélagið eða aðrir kunna að verða fyrir í tengslum við verkefnið.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á að öllum lögum og reglum sem um slík verkefni gilda verði fylgt, þar með talið um veitingu opinberra styrkja til samstarfsaðila þess, ef um það er að ræða, um verðlagningu þjónustu og um opin fjarskiptanet.

Sveitarfélagið hefur yfirumsjón með verkefninu svo sem fjármögnun, hönnun, efniskaupum og jarðvinnu, framvindu þess og að verk- og tímaáætlun verði fylgt. Sveitarfélagið kynnir verkefnið fyrir íbúum og öðrum með aðsetur eða atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, sér um að útvega skuldbindingar frá íbúum/húseigendum um þátttöku eftir því sem við á og hefur með öll leyfismál að gera.

Ráðuneytið er greiðandi styrksins og hefur í samstarfi við fjarskiptasjóð eftirliti með árangri. Ráðuneytið verður hvorki eigandi ljósleiðarakerfisins né kemur að rekstri þess að neinu leyti.

4. Greiðslur

Fjárhæð byggðastyrksins er **kr. 4.000.000**. Fjárveitingin kemur af fjárlagalið 10 701 1.10. Ofan á fjárhæðina reiknast ekki virðisaukaskattur og hún verðbætist ekki.

Ráðuneytið greiðir byggðastyrkinn með eftirfarandi hætti:

- 40% greiðast eigi síðar en 10 virkum dögum eftir undirritun samnings þessa.
- 40% greiðast þegar sveitarfélagið staðfestir að meira en helmingur staða hafi verið tengdur.
- 20% greiðast þegar sveitarfélagið staðfestir verklok.

Komi til þess að sveitarfélagið selji ljósleiðarakerfið innan 10 ára frá lokagreiðslu fyrir jafnháa eða hærrí upphæð en sem nemur bókfærðum byggingarkostnaði, framreiknuðum til söludags samkvæmt byggingarvísitölu, þá skal það endurgreiða ráðuneytinu veittan styrk. Ef söluverð er lægra en nemur sama byggingarkostnaði þá skal endurgreiða fjárhæð sem jafngildir hlutfalli styrks ráðuneytisins í byggingarkostnaðinum. Gildir þetta óháð því hvort sveitarfélagið á kerfið að hluta eða öllu leiti beint eða óbeint í gegnum félag sem það á eitt eða með öðrum og selji hluti sinn í ljósleiðarakerfinu eða selji hlut sinn í félagi sem á ljósleiðarakerfið.

5. Upplýsingar og eftirlit

Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samnings þessa.

Sveitarfélagið skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kann að kalla eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar, svo sem fyrirspurnar frá Alþingi og eftirliti frá Ríkisendurskoðun.

Sveitarfélagið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins.

Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

6. Samstarf á samningstíma

Samningsaðilar tilnefna hvor fyrir sig tengiliði vegna framkvæmdar samningsins.

Tengiliður sveitarfélags: Kristján Sturluson, sveitarstjóri@dalir.is.

Tengiliður ráðuneytis: Hólmfríður Sveinsdóttir, holmfridur.sveinsdottir@srn.is.

Sveitarfélaginu er heimilt að fá til verkefnisins samstarfsaðila og/eða fá aðra til að sjá um verkefnið að einhverju eða öllu leyti. Skyldur sveitarfélagsins gagnvart ráðuneytinu breytast ekki við slíkt samstarf og ber sveitarfélag ávallt að gæta að þeim kröfum sem gerðar eru til veitingu opinbers fjár.

7. Vanefndir og meðferð ágreinings

Sveitarfélagið skal tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á að það geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum og greina jafnframt frá úrræðum sem það hyggst grípa til. Ráðuneytið skal að sama skapi tilkynna sveitarfélaginu tafarlaust ef það telur að vafi leiki á að staðið sé við ákvæði samningsins.

Ef byggðastyrk ráðuneytisins eða hluta hans er varið í annað en tilgreint er í samningi þessum, eða sveitarfélagið uppfyllir ekki að öðru leyti skyldur sínar samkvæmt samningnum, teljast forsendur greiðslna ráðuneytisins brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að draga úr eða stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur sem og kostnað við innheimtu.

Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining ef einhver er sín á milli.

Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Sveitarfélagið getur hvenær sem er sagt upp samningnum og skal það þá samtímis endurgreiða ráðuneytinu þegar greiddan styrk að fullu.

Efni sveitarfélagið ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum getur ráðuneytið sagt upp samningnum með 30 daga fyrirvara. Bæti sveitarfélagið ekki úr vanefndum sínum innan þess tíma skal það þegar endurgreiða ráðuneytinu þegar greiddan styrk að fullu.

8. Gildistími og lok samnings

Samningurinn gildir frá undirritun þar til verkefninu er lokið.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

12. júní 2020

Sigurður Ingi Jóhannsson,
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Kristján Sturluson,
sveitarstjóri Dalabyggðar